



Tónlistarskólinn. Nokkrar hugleiðingar og tillögur, ódagsett. Greinargerð eftir Jón Leifs

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Jón Leifs – Tónlistarskólinn – Tillögur – Greinargerð

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-2, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tónlistarskólinn

Nokkrar hugleiðingar og tillögur

Tónlistarskólinn hefur nú starfað í nærri 25 ár. Þegar horft er yfir farinn veg er ljóst að Tónlistarskólinn er um margt undirrót þeirra öru framfara, sem orðið hafa í tónlistarmenningu þjóðarinnar undanfarna tvo áratugi. Metti þar til nefna:

1. að hinn upphaflegi kjarni Sinfóníuhljómsveitarinnar, strengja-deildin, er að mestu leyti skipuð fyrrverandi nemendum skólans,

2. að allir hinir yngri einleikarar Íslenskir hafa fengið sitt veginesti frá skólanum,

3. að við sumar kirkjur landsins eru nú organistar, sem skólinn hefur gert fullhefa til síns starfs,

4. að margir Íslenskir tónsmíðir eiga skólanum undirbúningsmenntun sína að þakka, - og síðast en ekki sízt,

að hér ríkir nú meðal almennings mun meiri skilningur og áhugi á tónlist en nokkru sinni fyrr, svo að unnt er að halda fjölda tónleika af ýmsu tagi ár hvert. Tónlistarskólinn hefur átt mikinn þátt í að ala upp þessa tónlistaráheyrendur, og er sá þáttur starfsemi hans ekki ómerkilegastur.

En þýðing Tónlistarskólans í þjóðlífinu er einnig augljós að öðru. Hún birtist líka í því, sem ábótavant er um tónlistarmenningu þjóðarinnar. Því er eins farið um skóla og menn, að þeir standa ekki í stað, heldur "munar annað hvort aftur á bak, ellegar nokkuð á leið", og skólinn verður að eflast og ferast í aukana til jafns við vaxandi menningarviðleitni í landinu ef hann ekki á að grotna niður, og hettá að geta gegnt hlutverki sínu. Því það er einmitt á þeim sviðum tónlistarinnar, þar sem skólans ekki hefur notið við, að enn skortir á að málum sé viðunandi skipað. Má nefna því til stuðnings:

1. Skortur er á tónlistarkennurum í flestum almennum skólum, og er það höfuðorsök flestra okkar vandræða í tónlistarmálum.

Það er alkunnugt að við erum eftirbátar flestra ef ekki allra þjóða Evrópu um tónlistarkennslu í almennum skólum, einkum barna- og framhaldsskólum. Tónlistin hefur verið og er enn hornreka í skólum hér, ekki talin nauðsynleg til almennrar menntunar. En þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Einmitt í barnaskólum skyldi tónlistaruppeldi byrja. Það þarf að kenna börnum að syngja, "söngurinn er ein leiðin til listkennar, listkennd ein leiðin til sannrar menntunar" eins og Pestalozzi sagði. Tónlist á að vera prófskyld námsgrein. Og það er einmitt hér, sem Tónlistarskólinn þarf að láta til sín taka. Tónlistarskólinn á að ala upp "söngkennara", og fá réttindi til þess. Í því skyni er nauðsynlegt að stofna tónlistarkennara-deild við skólann, enda útekrifi Tónlistarskólinn alla "söngkennara" í framtíðinni, en hafi þó nokkra samvinnu við Kennaraskólann þar um.

2. Blásturshljóðfæradéild Sinfóníuhljómsveitarinnar er enn að mestu skipuð útlendum listamönnum, en þeir settu í framtíðinni að geta stundað kennslu við Tónlistarskólann og þjálfað íslenska hljóðfæraleikara.

3. Í kórum landsins eru yfirleitt óþjálfðir söngvarar. Þetta torveldar mjög flutning æðri tónlistar á þessu sviði.

4. Enginn íslenskur hljómsveitarstjóri hefur fengið menntun sína hérlandis.

Til þess að ráða bót á þessum ágöllum í starfi Tónlistarskólans er þetta nauðsynlegt:

Að skólinn saki í það framtíðarhorf að verða einskonar háskóli eða æðri skóli í tónlist, er veitir fullkomna menntun hverjum þeim, sem taka vill virkan þátt í tónlistarlífinu. En á meðan æðrir skólar vanrækja tónlistarkennslu veiti þó Tónlistarskólinn enn um skeið almenna undirbúningsfræðslu samhliða sérmenntun.

Vitaskuld þarf að fjölga bæði námsgreinum og kennurum í því skyni að þessum umbótum verði komið á, og viljum við því bera fram eftirfarandi tillögur:

1. Ráðinn verður hæfur söngkennari að skólanum.
2. Aðal-blásturshljóðfæraleikarar hljómsveitarinnar verði ráðnir til að kenna á þau hljóðfæri, sem enn eru útundan.
3. Kórskóli starfi innan vébanda Tónlistarskólans.
4. Tekin verði upp kennsla í samleik á ýms hljóðfæri (kammermúsík) fyrir nemendur í framhaldsdeild (sérdeild).
5. Kennð verði kór- og hljómsveitarstjórn við skólann.
6. Formfræði, hljóðfærafræði, heyrnarpjálfun, verði einnig fastar kennslugreinar.

Reglugerð Tónlistarskólans er að mörgu leyti úrelt orðin og þarf rækilegrar endurskoðunar við í sambandi við fyrirhugaðar breytingar á kennslufyrirkomulaginu. Ekki er hér ástæða til að fjölyrða um náms-tilhögun og önnur sératriði hennar svo sem stjórn, prófskilyrði, einkunnakerfi, skyldur nemenda og kennara, skiptingu í deildir o.sfrv., enda verði yfirkennurum falið í samræmi við skólastjóra að gera ákveðnar tillögur þar að lútandi.

Hér mætti skjóta því inn, að samþæfa þarf starfsemi Tónlistarskólanna á Akureyri og Ísafirði, sem báðir njóta styrks frá ríkinu, kennslu-kerfi Tónlistarskólans í Reykjavík, og veita þeim síðan réttindi til að undirbúa nemendur að vissu merki, til framhaldsnáms í Tónlistarskólanum. Þessu atriði verður einnig að gefa gaum í hinni nýju reglugerð. Allar umbætur á rekstri Tónlistarskólans kosta fé, og eru undir skilningi og velvild stjórnarvalda og menningarfrömuða þjóðarinnar komnar. Fullkominn Tónlistarskóli verður ekki skapaður í einu vetfangi. En við verðum að fylgja þeirri kröfu miklu fastar eftir en hingað til, að hið

opinbera veiti honum fullgildingu sem ríkisskóla og tryggi þar með
framtíð hans og fjárhag. Veri ekki hægt að færa Tónlistarskólanum
betri gjöf á aldarfjórðungsaðmælinu en þá, að það verði gert.